

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2015, fimmtudagurinn 21. maí, var haldinn 134. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn Vesturgarði og hófst kl. 12.10. Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Kjartan Magnússon, Gréta Björg Egilsdóttir, Margrét Marteinsdóttir og Bjarni Þór Sigurðsson. Einnig sátu fundinn þau Sigprúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Petta gerðist:

1. Úthlutun úr Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar.
Bókun:

Hverfisráð Vesturbæjar mælir með að verkefnið Umferðaröryggi í Vesturbænum hljóti styrk úr forvarnarsjóð að upphæð kr 561.000 með því fororði að skilað sé ítarlegri áætlun um úrvinnslu verkefnisins með hliðsjón af því að sótt er um hærri upphæð en veitt er. Velferðarsvið upplýsi hverfisráðið um hvernig staðið hafi verið að endurskilgreiningu verkefnisins m.t.t. þess sem að framan greinir og leiti samþykkis hverfisráðs fyrir endanlegri afgreiðslu styrksins.
2. Reglur um úthlutun styrkja hjá Hverfisráði. Ráðið samþykkti að reglur og sammingsform sem lögð voru fyrir fundinn yrðu notuð þegar styrkir væru veittir frá Hverfisráðinu.
3. Beiðni um ráðstefnustyrk hjá Hverfisráði. Samþykkt að styrkja ráðstefnu sem fram fer í Hagaskóla sem tengist læsi nemenda að upphæð 40.000 kr.
4. Önnur mál:
 - a. Lagt fram bréf er tengist hitalögn við Einarsnes sem barst Hverfisráðinu.
 - b. Rætt um íbúafund í Neskirkju sem verður haldinn 27. maí n.k. þar sem málefni um samgöngur Strætó BS um Vesturbæinn verða rædd.

Fundi slitið kl. 13.08

Sverrir Bollason (sign)

Teitur Atlason (sign)
Margrét Marteinsdóttir (sign)

Kjartan Magnússon (sign)